

Nd.

529. Breytingartillögur

[217. mál]

við frv. til l. um breytingu á jarðalögum, nr. 65 31. maí 1976.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
 2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

Gera tillögur um úthlutun landssvæða til félagsræktunar, byggingar sumarbústaða, orlofshúsa samtaka launþega og vinnuveitenda og til almenns útlífs, ef sóst er eftir landi í því skyni.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Við 12. gr. laganna bætist ný málsg., sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Óski samtök launþega eða vinnuveitenda eftir landi til rekstrar orlofshúsa fyrir félagsmenn sína, er jarðanefnd rétt að heimila slík afnot lands, rýri þau ekki til muna kosti jarðarinnar til búskapar.